

	Flyt	32	28	20	stundir á viku		
Söngur	3	3	3	1	—	-	—
Líkamsæfingar	2	2	2	2	—	-	—
Uppeldisfræði	«	4	4	4	—	-	—
Kensluæfingar	«	«	«	10	—	-	—
Samtals	37	37	37	37	stundir á viku.		

70
26. júní

Í stjórnarráði Íslands 26. júní 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Reglur

71
26. júní

um kensluáhöld fastra heimangöngubarnaskóla.

Til þess að fastur heimangönguskóli geti orðið aðnjótandi landsjósstyrks samkvæmt 23. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 59 frá 22. nóvbr. 1908 um fræðslu barna, verður skólinn að hafa þau kensluáhöld, er hjer segir, eða önnur jafngóð.

I. Við kristindómskenslu:

1. Julius Kronberg: 10 bifíumyndir (úr N. T.).
2. Frits Roeber: I. Serie. 7 biblíusögumyndir.
3. Roms Kort yfir Palæstinu.

II. Við náttúrusögukenslu:

1. Alfred Jakobsen: 50 dýramyndir.
2. Eschner: 5 myndir af mannlegum líkama.
3. Poul Steffensen: 12 myndir af lífi aldýranna, ætlaðar einkum til afnota við sýnikenslu (Anskuelsesundervisning).
4. Chr. Nielsen: 4 árstíðir.

III. Við eðlisfræði:

- a. Segulmagn: 1. Segulstál, 2. Segulnál, 3. Járnsvarf.
- b. Rafmagn: 1. Glerstöng, 2. Ebonistöng, 3. Hyllimergskútur, 4. Galvansbikar, 5. Glóðarlampi, 6. Rafsegull, 7. Rafmagnsklukka, 8. Rafmagnshreyfivjel.
- c. Ljósfræði: 1. Þristrent gler, 2. Stækkunargler, 3. Holspegill.

71
26. júní

- d. Hiti: 1. Málmhringur með málmkúlu (útpensla), 2. Kopar og járnstöng (mismunandi leiðsla), 3. Járnræma og koparræma, hnoðaðar saman (mismunandi útpensla), 4. Spirituslampi.
e. Jafnvægi: 1. Vogarstöng, 2. Hjól.

IV. *Við landafræðikenslu:*

1. Íslandsupphráttur eftir Þorvald Thoroddsen.
1. Jarðarlíkan nr. 28.
3. Norðurálfan eftir Christensen.
4. Aðrar heimsálfur eftir sama.

V. *Við reikningskenslu:*

1. Kúlurammi.
2. Meterstika.
3. Decimeterteningur (til að taka sundur)

Þetta kunngerist hjermeð öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 26. júní 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

72
26. júní

Auglýsing

um

frumvarp til laga um ríkisrjettarsamband Danmerkur og Íslands.

Í opnu brjefi 8. maí 1908 (Stjtið. 1908 A bls. 36—37), um að almennar kosningar til alpingis skuli fara fram 10. næstkomandi septembermánaðar, er svo mælt fyrir, að birt skuli kjósendum áður en kosningar þessar fara fram frumvarp það til laga um ríkisrjettarsamband Danmerkur og Íslands, er nefnd sú, er skipuð var 30. júlí 1907, hefir samið, svo að kjósendum veitist kostur á við kosningarnar að gefa til kynna afstöðu sína gagnvart frumvarpi þessu.

Samkvæmt þessu er hjermeð birt almenningi eftirfarandi

frumvarp til laga um ríkisrjettarsamband Danmerkur og Íslands.

1. gr.

Ísland er frjálst og sjálfstætt land, er eigi verður af hendi látið. Það er í sambandi við Danmörku um einn og sama konung og þau mál, er báðir aðilar